EFTIRFYLGNIÚTTEKT Í GRUNNSKÓLANUM Á ÞÓRSHÖFN

Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti

Birna Sigurjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir

Júní 2016

Efnisyfirlit

Samantekt og mat **3**

Inngangur **4**

Aðferðir og framkvæmd úttektar **5**

Niðurstöður **6**

Stjórnun 6

Skipulag, viðhorf til stjórnunar og ráðgjöf fyrir stjórnendur 6

Skólanámskrá, þættir í starfsáætlun og innra mat 6

Skólabragur 7

Líðan nemenda 8

Einelti - agakerfi 8

Nemendalýðræði 9

Samskipti 9

Samskipti innan skólans 9

Samskipti við foreldra 10

Samskipti við skólaráð og sveitarstjórn/fræðslunefnd 10

Samskipti við sérfræðiþjónustu 11

Samantekt og mat

Árið 2011 var gerð úttekt á starfsemi Grunnskólans á Þórshöfn og í kjölfar hennar skilaði skólinn umbótaáætlun til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fylgst hefur með framgangi umbóta síðan þá. Markmið eftirfylgniúttektarinnar nú er að meta hvort þær upplýsingar sem ráðuneytinu hafa borist um framgang umbóta séu réttar og áreiðanlegar og lögð er áhersla á að skoða stjórnun, skólabrag og samskipti.

Niðurstöður sýna að ýmislegt hefur áunnist í skólastarfinu síðan úttektin var gerð 2011. Í könnunum kemur fram að flestir eru ánægðir með stjórnun skólans bæði nú og undanfarin ár. Mótuð hefur verið skólastefna og skólanámskrá gerð, starfslýsingar hafa verið unnar svo og starfsmannahandbók. Gildi skólans endurspegla jákvæð viðhorf og væntingar. Í kjölfar áðurnefndrar úttektar var farið að nota ART (Anger Replacement Training) sem eina af stoðum skólans og þrepakerfið, sem áður var notað, var jafnframt aflagt.

Góður andi er í skólanum og betri skólabragur en áður var að mati viðmælanda og samskipti innan og utan skólans virðast almennt góð. Unnið hefur verið að skólaþróun undanfarin ár og starfsfólk er stolt af starfi sínu. Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra og líðan nemenda er einnig könnuð í Olweusarverkefninu. Foreldrar í könnun meta líðan nemenda í skólanum góða. Nemendaráð starfar við skólann, það hefur verið virkt á þessu skólaári og séð um félagsstarf fyrir eldri og yngri nemendur.

Þó ýmislegt hafi áunnist þarf að vinna umbótaverkefni áfram til að tryggja að árangur náist:

- Áfram þarf að vinna að bættum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins
- Vinna þarf með samskipti innan ákveðinna árganga út frá niðurstöðum kannana
- Vinna markvisst að forvörnum gegn einelti og tryggja að ávallt sé tekið á málum sem upp koma
- Gæta þess að unnið sé eftir markmiðum aðalnámskrár í öllum árgöngum
- Leita allra leiða til að ráða menntaða kennara til starfa
- Endurvekja starfsemi skólaráðs, gæta þess að ráðið sé fullskipað og fulltrúar lýðræðislega kosnir
- Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum sérkennara og/eða fagmenntaðs starfsfólks
- Huga vel að þörfum skólans þegar samningur um sérfræðiþjónustu er gerður og gæta þess að kennarar séu vel upplýstir um hvaða þjónusta fylgir samningnum
- Stofna matsteymi og vinna innra mat samkvæmt fyrirmælum laga og reglugerða
- Endurbætur á húsnæði skólans eru brýnar

Matsaðilar telja að þær upplýsingar sem borist hafa ráðuneyti um framgang umbóta lýsi í meginatriðum stöðu þeirra verkefna sem ráðist var í. Staða skólans er þó að mörgu leyti á viðkvæmu stigi þar sem nýr skólastjóri mun taka til starfa í haust, til stendur að breyta skipulagi stjórnunar og ör mannaskipti hafa verið í fræðslunefnd og sveitarstjórn. Það er því mat úttektaraðila að áfram þurfi að fylgjast með og styðja við skólann í sínu umbótaferli.

Inngangur

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum eftirfylgniúttektar í Grunnskólanum á Þórshöfn sem fram fór á vordögum 2016. Úttekt fór fram á starfsemi skólans árið 2011 og í kjölfarið gerði skólinn umbótaáætlun, dagsetta 29. mars 2012, sem skilað var til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Markmið þessarar eftirfylgniúttektar er að meta hvort þær upplýsingar sem ráðuneytinu hafa borist um framgang umbóta séu réttar og áreiðanlegar. Þeir þættir sem ráðuneyti lagði áherslu á að skoðaðir yrðu eru:

- **Stjórnun skólans.** Þeir þættir sem falla undir stjórnun í umbótaáætlun eru skipulag stjórnunar, ráðgjöf við stjórnendur, skólanámskrá, starfslýsingar, símenntun starfsmanna og innra mat
- **Skólabragur.** Þeir þættir sem falla undir skólabrag í umbótaáætlun eru líðan nemenda, einelti, agakerfi og nemendalýðræði
- **Samskipti** innan skólans og við foreldra, skólaráð og sveitarstjórn/fræðslunefnd og sérfræðiþjónustu

Eftirfylgniúttektin er gerð á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og fól ráðuneytið Birnu Sigurjónsdóttur og Sigríði Sigurðardóttur framkvæmd hennar.

Í Grunnskóla Þórshafnar eru, skólaárið 2015-2016, 61 nemandi í fimm samkennslueiningum. Hjá skólastjóra kom fram að stöðugildi í kennslu eru 12, menntaðir kennarar eru 7 og leiðbeinendur 6. Skólastjóri er Ingveldur Eiríksdóttir og aðstoðarskólastjóri er Ásdís Hrönn Viðarsdóttir. Sveitarfélögin sem standa að skólanum hafa sett fram skólastefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps fyrir 2014-2018. Sérfræðiþjónusta er sótt til Norðurþings.

Hér á eftir verður fyrst gerð grein fyrir framkvæmd úttektarinnar og gagnaöflun og því næst verða niðurstöður settar fram.

Aðferðir og framkvæmd úttektar

Matsmenn höfðu samband við skólastjóra í apríl 2015 en áður hafði mennta- og menningarmálaráðuneytið sent skólastjóra og sveitarfélaginu bréf þar sem úttektin var kynnt. Matsmenn óskuðu eftir því við skólastjóra að foreldrum yrði sendur tölvupóstur þar sem úttektin væri kynnt og netföng matsmanna gefin upp þannig að foreldrar gætu komið skoðunum sínum á framfæri.

Matsmenn kynntu sér skólanámskrá og starfsáætlun Grunnskólans á Þórshöfn 2015-16, niðurstöður kannana og önnur gögn um skólann. Gagnaöflun fór fram í maí, þar sem matsmenn fóru á vettvang til að taka viðtöl og ræða við rýnihópa. Gagna var aflað á eftirfarandi hátt:

Rýnt í niðurstöður eftirfarandi kannana:

- Niðurstöður úr nemendakönnunum Skólapúlsins 2013-2016
- Niðurstöður úr starfsmannakönnun Skólapúlsins 2013-2016
- Niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins 2013-2016
- Niðurstöður Olweusarkönnunar haustið 2015

Viðtöl/rýnihópar/samtöl:

- Viðtal við skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn
- Rýnihópaviðtal við nemendur á mið- og unglingastigi, skólastjóri var beðinn um að velja tvo úr hverjum bekk/hópi, hafa hlutfall kynja sem jafnast og tryggja samþykki foreldra
- Rýnihópaviðtöl við kennara, allir umsjónarkennarar boðaðir
- Rýnihópaviðtal við almenna starfsmenn
- Viðtal við formann fræðslunefndar
- Viðtal við sveitarstjóra
- Rýnihópaviðtal við foreldra, skólastjóri var beðinn um að boða foreldra sem sitja í skólaráði, eru í stjórn foreldrafélags eða eru bekkjarfulltrúar
- Viðtal við foreldri nemanda sem lent hefur í einelti
- Viðtal við Ingvar Sigurgeirsson sem verið hefur skólanum til ráðgjafar
- Upplýsingar í tölvupósti frá fræðsluskrifstofu Norðurþings

Greining eftirfarandi gagna:

- Skólanámskrá Grunnskólans á Þórshöfn almennur hluti 2015-16
- Sýnishorn af námskrám bekkja/hópa
- Starfsáætlun Grunnskólans á Þórshöfn
- Starfslýsingar starfsmanna Grunnskólans á Þórshöfn
- Skólastefna Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps 2014-2018

Stuðst var við viðmið fyrir ytra mat á grunnskólum sem unnin voru í samstarfi skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Námsmatsstofnunar.[1]

[1] Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum sjá http://www.namsmat.is/vefur/ytra_mat_skola/grunnskoli/vidmid_visbendingum.pdf

Niðurstöður

Stjórnun

Skipulag, viðhorf til stjórnunar og ráðgjöf fyrir stjórnendur

Núverandi skólastjóri tók til starfa við Grunnskólann á Þórshöfn árið 2012 en hefur nú sagt stöðu sinni lausri. Aðstoðarskólastjóri, sem starfað hefur við skólann í þrjú ár, hefur verið ráðinn sem skólastjóri frá 1. ágúst. Í viðtali við sveitarstjóra kom fram að stjórnun skólans væri kostnaðarsöm og að fyrir dyrum stæðu breytingar. Á fundi fræðslunefndar þann 27. apríl 2016 er skólastjóra og aðstoðarskólastjóra falið að vinna það mál áfram í samvinnu við sveitarstjóra.[2] Þegar þessi skýrsla er rituð lágu þessar breytingar ekki fyrir.

Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins sýna að ánægja með stjórnun skólans vorið 2016 er nálægt meðaltali þeirra skóla sem þátt tóku í könnuninni. Ánægjan var marktækt meiri á Þórshöfn árin 2014 og 2015, sé borið saman við landsmeðaltal, en er nú svipuð og hún var árið 2013. Í rýnihópi kennara kom fram að heldur hefði „hallað undan fæti" hvað stjórnunina varðar í vetur miðað við árin á undan. Fram kom að skólastjóri hefði verið nokkuð frá í vetur, m.a. vegna veikinda, og að það hefði bitnað á stjórnuninni en að aðstoðarskólastjóri hefði þó „höndlað þetta ágætlega."

Mikill meirihluti þeirra foreldra sem þátt tóku í foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2016, eða 97%, telur að skólanum sé vel stjórnað. Þetta er mesta ánægja með stjórnun síðustu fjögur ár en 2014 mældist marktækt minni ánægja með stjórnun á Þórshöfn miðað við meðaltal þátttökuskólanna. Ekki voru þó allir foreldrar, sem rætt var við í tengslum við úttektina, sáttir við stjórnun skólans.

Í viðtölum kom fram að erfið samskiptamál hafa komið upp í skólanum á undanförnum árum, bæði hvað varðar starfsmenn og foreldra. Ekki hefur að öllu leyti tekist að leysa þessi mál innan skólans og því hafa skólayfirvöld þurft að koma þar að. Í starfsmannakönnun Skólapúlsins vorið 2016 voru 75% þátttakenda sammála fullyrðingunni *Yfirmenn mínir leysa ágreiningsmál sem upp koma á vinnustaðnum*. Ekki er marktækur munur á svörum starfsmanna á Þórshöfn miðað við meðaltal þátttökuskóla, en þar var hlutfallið 86%.

Skólastjóri segist í viðtali ekki hafa þurft á sérstakri faglegri ráðgjöf að halda, en stjórnendur hafi veturinn 2013-14 farið á námskeið fyrir nýja stjórnendur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Ingvar Sigurgeirsson, ásamt fleirum, hefur frá því 2012 unnið með skólanum og sveitarfélaginu að skólaþróun og ýmsum verkefnum, svo sem gerð skólastefnu og skólanámskrár og skólastjóri vitnar í viðtali til góðs samstarfs þeirra.

Skólanámskrá, þættir í starfsáætlun og innra mat

Síðan úttektin var gerð árið 2011 hafa sveitarfélögin sem að skólanum standa mótað skólastefnu sem birt er á heimasíðu skólans. Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð og uppfyllir almennur hluti hennar að mestu viðmið aðalnámskrár. Sama má segja um námskrár bekkja/hópa, en hluta þeirra vantar á heimasíðu og einnig vantar upp á að fjallað

[2] Fundargerð fræðslunefndar, 27. apríl 2016, sjá http://www.langanesbyggd.is/static/files/fundargerdir/Fraedslunefnd/2016/2016-04-27-fundargerd-fraedslunefndar-nr.-17.pdf

sé um allar námsgreinar. Starfslýsingar hafa verið unnar og eru opinberar og skólastjóri hefur unnið góða starfsmannahandbók.

Skólinn tekur þátt í könnunum Skólapúlsins fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn og fyrir nemendur eru einnig lagðar kannanir í tengslum við Olweusarverkefnið. Niðurstöður þessara kannana eru ræddar á fundum að sögn skólastjóra og brugðist við því sem ekki kemur vel út. Þetta hefur þó ekki verið gert í vetur. Ekkert matsteymi starfar við skólann, áætlanir um innra mat hafa ekki verið gerðar og ekki skrifaðar greinargerðir eða gerð áætlun um umbætur.
Símenntunaráætlun er birt í starfsáætlun en ekki kemur fram hvernig einstaka starfsmenn sækja símenntun. Um helmingur kennara skólans er án kennsluréttinda, skólastjóri segir í viðtali að þeir sem vilja sækja sér réttindi og frekara nám fái til þess hvatningu. Fram kom í rýnihópi kennara að fjarlægð gerir kennurum erfitt fyrir með endurmenntun og að ekki væri alltaf í boði að taka þátt í námskeiðum í gegnum fjarfundabúnað. Sveitarstjóri lagði í viðtali mikla áherslu á að slíkur búnaður yrði notaður í framtíðinni við skólann.

Styrkleikar:

- Mikill meirihluti foreldra í könnun Skólapúlsins er ánægður með stjórnun skólans
- Starfsmenn sem þátt tóku í könnun Skólapúlsins eru almennt ánægðir með stjórnun skólans
- Almennur hluti skólanámskrár birtist á heimasíðu og uppfyllir að mestu viðmið aðalnámskrár
- Starfslýsingar hafa verið gerðar og starfsmannahandbók hefur verið unnin
- Kannanir Skólapúlsins eru lagðar fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra, líðan nemenda er einnig könnuð í Olweusarverkefninu

Tækifæri til umbóta:

- Vinna að bættum samskiptum allra aðila skólasamfélagsins
- Klára og samræma bekkjarnámskrár og setja á heimasíðu
- Leita allra leiða til að ráða menntaða kennara til starfa
- Stofna matsteymi með þátttöku allra hagsmunahópa
- Gera matsáætlanir og vinna samkvæmt þeim, afla fjölbreyttra gagna, greina niðurstöður í styrkleika og tækifæri til umbóta, setja niðurstöður og umbótaáætlun fram og vinna markvisst að umbótum og fylgja þeim eftir

Skólabragur

Sveitarfélagið Langanesbyggð hefur gefið út skólastefnu þar sem m.a. er lögð áhersla á góð samskipti, góða líðan og árangur nemenda. Stefna Grunnskólans á Þórshöfn byggir á stefnu sveitarfélagsins og birtist í skólanámskrá. Gildi skólans endurspegla jákvæð viðhorf og væntingar en þau eru virðing, virkni, vinsemd og vellíðan.

Fram kemur í rýnihópum að góður andi er í skólanum og betri en áður var. Um helmingur starfsmanna sem svara starfsmannakönnun 2015 er ósammála fullyrðingu um að vinnuaðstaða sé góð og ánægja kennara með vinnuaðstöðu mælist marktækt undir landsmeðaltali. Í flestum rýnihópum kemur fram að húsnæði skólans þarfnast endurbóta og

hluti skólahússins hefur nú verið rýmdur vegna fyrirhugaðra viðgerða sem veldur að sögn álagi á starfsmenn.

Líðan nemenda

Í nemendakönnun Skólapúlsins 2015-2016 mælist líðan nemenda svipuð og að landsmeðaltali en í kafla um skóla- og bekkjaranda mælist spurningin *Nemendum semur vel við flesta kennara* marktækt lægri en landsmeðaltalið, og spurning um aga í tímum mælist einnig nokkuð lægri. Þegar svör eru skoðuð kemur fram nokkur mismunur milli árganga.

Nemendur í rýnihópi segja samskipti milli kennara og nemenda vera góð, „kennari er vinur og það er gott andrúmsloft“. Þeim finnst líka vera góð samskipti milli nemenda, „allir þekkjast, engar klíkur, gott á milli bekkja“. Bekkjarfundir eru vikulega, þar er rætt um samskipti og spurt hvernig manni líður, segja nemendur í rýnihópi. Þeir segjast geta komið með sínar skoðanir „hvenær sem er og það er hlustað á okkur“.

Foreldrar sem svara foreldrakönnun Skólapúlsins 2016 telja líðan barnanna í skólanum góða (93%). Þetta er hærra hlutfall en áður mældist (77% árið 2014).

Einelti - agakerfi

Skólinn vinnur eftir áætlun og verklagi Olweusarverkefnis gegn einelti sem birt er á heimasíðu skólans og árlega eru lagðar fyrir kannanir á einelti meðal nemenda. Miðað við könnun sem lögð var fyrir nemendur í 4.-10. bekk sl. haust hafa 11.4% nemenda orðið fyrir einelti í 2-3 skipti í mánuði eða oftar. Í nemendakönnun Skólapúlsins sem lögð er fyrir úrtak nemenda í 6.-10. bekk í október og apríl mælist einelti 14.3% sem er heldur hærra hlutfall en að landsmeðaltali. Þessar niðurstöður höfðu að sögn viðmælenda í rýnihópum ekki verið kynntar og því ekki unnið með þær sérstaklega.

Eineltisteymi er starfandi við skólann en hefur að sögn verið lítið virkt í vetur, starfsmenn telja þó að brugðist sé við ef einelti kemur upp og rætt við bæði þolendur og gerendur, en einnig er nefnt dæmi um alvarlegt eineltismál sem ekki var vel unnið og „ekki klárað“. Foreldrar sem svara í foreldrakönnun 2015 að barn þeirra hafi orðið fyrir einelti segja flestir (4/5) að fljótt eða frekar fljótt hafi verið tekið á málinu.

Á heimasíðu skólans kemur fram að ART (Anger Replacement Training) er ein af stoðum Grunnskólans á Þórshöfn. ART er aðferð til að kenna sjálfstjórn, félagsfærni og efla siðferðisvitund okkar, segir þar. Allir starfsmenn fóru á námskeið til að tileinka sér verklag og viðhorf kerfisins þegar það var innleitt (2013-2014) en nýir starfsmenn sem bæst hafa við síðan hafa ekki fengið fræðslu um það. Almennt er ánægja með þetta verklag, það „verður til þess að allir eru á svipuðum takti um hvernig gripið er inn í“, segir í rýnihópi starfsmanna. Að mati foreldra er agi í skólanum hæfilegur, 80% svarenda eru sammála þeirri fullyrðingu sem er aðeins yfir landsmeðaltali en um 20% segja að agi sé of lítill. Árið 2014 var hlutfallið 55% sem töldu aga hæfilegan og 45% of lítinn.

Stefnt er að því að innleiða *Uppbyggingarstefnu* eða uppeldi til ábyrgðar sem agakerfi skólans. Hluti kennara hefur farið á slíkt námskeið og notar kerfið í samskiptum við nemendur.

Skólareglur eru kynntar á haustin og nemendur skrifa undir þær. Hver bekkur setur sér bekkjarreglur og þær eru sýnilegar í skólastofunni. Starfsmenn segja að það mætti dusta rykið af reglunum oftar en telja samt að nú sé borin meiri virðing fyrir þeim en áður og samábyrgð nemenda sé meiri.

Þrepakerfið, agakerfi sem um tíma var notað í skólanum er að sögn viðmælenda alveg horfið og skólastjóri segir það ekki hafa verið notað síðan hún hóf störf við skólann.

Nemendalýðræði

Nemendafélag er starfandi við skólann. Stjórn þess, eða nemendaráð, er kosin úr 7.-10. bekk og nemendur í rýnihópi segja að stundum sé sjálfkjörið í stjórnina því þau séu svo fá. Nemendaráðið sér um félagsstarf fyrir eldri og yngri nemendur undir stjórn starfsmanns skólans og það hefur verið ágætlega virkt í vetur að mati rýnihóps kennara. Í vetur vann allur skólinn í fyrsta skipti að uppsetningu leikrits sem sýnt var á árshátíð. Þetta „var öðruvísi og skemmtileg árshátíð" segja nemendur í rýnihópi.

Nemendur eiga fulltrúa í skólaráði en ekki hafa verið boðaðir fundir í ráðinu í vetur. Nemendur í rýnihópi segja að talað sé um lýðræði og jafnrétti „alla vega hjá eldri nemendum". Nemendur hafa tækifæri til að ræða mál sem upp koma á bekkjarfundum.

Styrkleikar:

- Gildi skólans endurspegla jákvæð viðhorf og væntingar en þau eru virðing, virkni, vinsemd og vellíðan
- Góður andi er í skólanum og betri en áður var
- Samskipti í skólanum eru góð að mati nemenda í rýnihópi og líðan nemenda góð að mati foreldra.
- ART (Anger Replacement Training) er ein af stoðum Grunnskóla Þórshafnar
- Nemendaráð sér um félagsstarf fyrir eldri og yngri nemendur undir stjórn starfsmanns skólans

Tækifæri til umbóta:

- Endurbætur á húsnæði skólans eru brýnar
- Vinna þarf með samskipti innan ákveðinna árganga út frá niðurstöðum kannana
- Vinna markvisst að forvörnum gegn einelti og tryggja að ávallt sé tekið á málum sem upp koma

Samskipti

Samskipti innan skólans

Samkvæmt starfsmannakönnun Skólapúlsins 2015 er starfsánægja jöfn meðaltali landsins. Fram kemur að fólk er stolt af starfi sínu og telur sig búa við starfsöryggi. Starfsandi mælist aðeins undir landsmeðaltali og um þriðjungur kennara er ósammála fullyrðingu um að starfsfólk miðli þekkingu sín á milli. Upplýsingastreymi mælist undir landsmeðaltali í könnuninni hjá bæði kennurum og öðru starfsfólki og rúmlega þriðjungur svarenda er ósammála fullyrðingu um að nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun.

Unnið hefur verið að skólaþróun undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og Lilju M. Jónsdóttur undanfarin ár. Kennarar í rýnihópi segjast reyna að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti og ekki of bókamiðaða. Nemendur gera sér ekki eigin áætlanir en að hausti eru sett markmið sem þeir ætla að ná yfir veturinn. Þá kemur fram að nemendur í unglingadeild hafa haft úr fjölbreyttum valgreinum að velja eftir sínum áhugamálum „ótrúlega mikið miðað við stærð skólans“, m.a. íþróttir, björgunarsveitin og tónlistarskólinn. Hjá foreldri kemur fram að skólinn gæti gert enn meira af því að nýta sér þekkingu og kunnáttu íbúa og fyrirtækja til að auðga nám nemenda.

Samkennsla er í skólanum og er kennt í fimm hópum. Nemandi í rýnihópi lýsti stöðunni svona: „Hefði getað lært meira, er í 10. bekk er með 8. og 9. bekk og er að læra það sama og þau. Erfitt að fara lengra. Höfum ekki lært eðlis- og efnafræði, náttúrufræðikennari kenndi mest um blómin og lífríkið“.

Samskipti við foreldra

Viðhorf í samfélaginu eru jákvæðari til skólans nú en áður segja foreldrar í rýnihópi. Kennarar meta einnig samskipti við foreldra góð. Ánægja foreldra með sérkennslu og stuðning í skólanum hefur dalað frá síðasta ári. Einnig kemur fram í rýnihópi foreldra að bæta þurfi sérkennsluna, enda enginn menntaður sérkennari starfandi við skólann í vetur. Ánægja foreldra með síðasta foreldraviðtal er svipuð og að landsmeðaltali nema á yngsta stigi þar sem aðeins 66.7% foreldra eru ánægðir með viðtalið.

Upplýsingaflæðið frá skólanum er mjög gott segja foreldrar í rýnihópi og mest með tölvupósti en kennarar eru að þeirra mati misduglegir að setja upplýsingar inn á Mentor. Foreldrar segjast vera velkomnir í skólann og eru að sögn hvattir til að koma og fylgjast með ef einhver vandamál koma upp. Foreldrar koma á viðtalsdaga og á þemadaga, en segja jafnframt að viðburðir séu oft á tíma sem þeir geta ekki komið en þeir reyna alltaf að komast og sérstaklega á árshátíð og sýningar.

Foreldrafélag hefur verið ágætlega virkt í vetur segja foreldrar, mest er félagið í fjáröflun og keypti t.d. leiklistarnámskeið í vetur fyrir alla nemendur sem var mjög vinsælt. Nemendur fá styrk frá félaginu til að fara á Samfés og Skólahreysti, „við gerum fyrir krakkana eitthvað sem þau ekki fá í skólanum“, segir í rýnihópi foreldra.

Samskipti við skólaráð og sveitarstjórn/fræðslunefnd

Í skólaráði sitja skólastjóri, fulltrúar starfsmanna, foreldra og nemenda en enn er eftir að skipa fulltrúa grenndarsamfélags. Skólastjóri segir í viðtali að enginn fundur hafi verið haldinn í ráðinu í vetur og einn í fyrravetur en að ráðið hafi starfað af krafti skólaárin 2012-14. Nemendur í rýnihópi könnuðust við að eiga fulltrúa í skólaráði en sögðu engan fund hefði verið haldinn. Kennarar í rýnihópi vissu lítið um starfsemi ráðsins í vetur.

Skólastjóri segist í viðtali sitja fræðslunefndarfundi þar sem fjallað er um málefni Grunnskóla Þórshafnar og að samstarf við nefndina sé mjög gott. Jafnframt kemur fram að ekki séu bein samskipti við sveitarstjórnina og samstarf hafi verið mismikið eftir oddvitum og sveitarstjórum, en ör mannaskipti hafa verið bæði í sveitarstjórn og fræðslunefnd.

Sveitarstjóri, sem kom til starfa 2014, er næsti yfirmaður skólastjóra og hann segir í viðtali

að samskipti við skólann snúist að mestu um rekstur og fjármál, hann treysti skólastjórnendum og fræðslunefnd og ráðgjafa sveitarfélagins fyrir faglegu hliðinni. Hann segist fá kynningu á niðurstöðum kannana Skólapúlsins en ekki greiningu á niðurstöðum eða umbótaáætlun.

Formaður fræðslunefndar segist í viðtali nýtekinn við því embætti en hafi setið í nefndinni í tvö ár og verið varamaður áður. Formaðurinn segir samstarfið við skólastjóra mjög gott, fræðslunefndin fái skóladagatal, starfsáætlun og skólanámskrá til umsagnar og einnig séu niðurstöður úr Skólapúlsinum kynntar. Fram kemur í viðtalinu að vinnubrögð nefndarinnar séu góð og unnið sé samkvæmt vinnuáætlun.

Samskipti við sérfræðiþjónustu

Skólinn leitar til Norðurþings með sérfræðiþjónustu. Í tölvupósti frá Norðurþingi kemur fram að sérfræðingar fari mánaðarlega til Þórshafnar og þjónustan felst aðallega í greiningum og ráðgjöf hinna ýmsu sérfræðinga, skimunum og aðstoð og ráðgjöf við einstaklingsnámskrárvinnu/-námsaðlögun. Almenn kennsluráðgjöf er ekki inni í samningnum.

Í rýnihópi kennara kom fram óánægja með sérfræðiþjónustuna og að hún „geti mjög takmarkað hjálpað". Sveitarstjóri sagði samningana vera þannig „að við fáum það sem við biðjum um" en frumkvæði kæmi ekki frá Norðurþingi. Skólastjóri er á sömu skoðun og segir að sérfræðingarnir sem komi séu samkvæmt samningi „bara með greiningar en reddi ekki neinum málum". Sveitarstjóri segir að verið sé að semja að nýju við Norðurþing.

Styrkleikar

- Starfsfólk er stolt af starfi sínu og telur sig búa við starfsöryggi
- Unnið hefur verið að skólaþróun undanfarin ár og kennsluhættir fjölbreyttari en áður
- Foreldrar eru ánægðir með upplýsingaflæði frá skólanum
- Samskipti skóla og fræðslunefndar eru góð að mati skólastjóra og formanns fræðslunefndar

Tækifæri til umbóta

- Tryggja þarf gott upplýsingastreymi innan skólans
- Gæta þess að unnið sé eftir markmiðum aðalnámskrár í öllum árgöngum
- Endurvekja starfsemi skólaráðs, gæta þess að ráðið sé fullskipað og fulltrúar lýðræðislega kosnir
- Tryggja eins og kostur er að sérkennsla og stuðningur sé í höndum sérkennara og/eða fagmenntaðs starfsfólks
- Huga vel að þörfum skólans þegar samningur um sérfræðiþjónustu er gerður og gæta þess að kennarar séu vel upplýstir um hvaða þjónusta fylgi samningnum